

1870.

8. febrúar.

6. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um bænarskrá lyfsalans í Reykjavík, um flutning á lyfjum kauplaust með póstskipinu.

Aðalpóststjórnin hefir hingað sent bænarskrá, sem henni hafði borizt frá lyfsala Randrup í Reykjavík, um það, að þegar póststjórnin tekur að sér í vor er kemur póstferðirnar milli Danmerkur og Íslands, þá fái hann eins og áður kauplaust aðflutt frá Kaupmannahöfn lyf þau, sem hann hefir pantað þar; jafnframt hefir aðalpóststjórnin getið þess, að það væri tilkynnt beiðandanum, að hún gæti ekki veitt honum þetta hið umbeðna, en henni fyndist samt ástæða til að bera málið undir stjórnarráðið, og hafi því skotið málinu til úrskurðar þess.

Útaf þessu mælist stjórnarráðið til, að þér, herra stiptamtamaður, tilkynnið lyfsala Randrup, að það ekkert framar verður flutt kauplaust með póstskipinu, eptir því, sem nú er verið póstsamgöngunum, og það liggur í augum uppi, að stjórnarráðið getur ekki tekið að sér að borga fyrir flutning á lyfjum hans, sér það sér heldur eigi fært, að gjöra nokkuð við þetta mál.

8. febrúar.

7. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um kvörtun prests yfir veitingu á brauði.

Í bréfi, dagsettu 22. septbrm. f. á., hafði þér, herra stiptamtamaður, og þér, háeruverðugi herra, sent hingað með álitum yðar um kvörtun frá Eggert presti Sigfússyni, er hafði fengið Hof og Spákonufell í Húnavatnssýslu í fyrra, 24. ágúst, og vígzt þangað 29. sama mánaðar, yfir því, að sér hafi verið neitað um veitingu á öðru brauði, Teig og Eyvindarmúla í Rangárvalla-sýslu, er hann nokkrum dögum eptir sótti um þetta brauð, áður en hann var búinn að taka við hinu brauðinu; og sömuleiðis fyrirspurn hans um það, hvort hann ætti ekki eptir lögum og í raun rétttri tilkall til veit-

ingar á því prestakalli, er hann síðast sókti um, er það nú hefir verið laust í tvö ár og enginn sókt um það.

1870.

8. febrúar.

Útaf þessu kunngjörist yður til leiðbeiningar og frekari auglýsingar, að stjórnarráðinu virðist ekki vera ástæða til að gefa gaum að þessari umkvörtun og fyrirspurn.

8. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til að íslenzka og prenta tiltekna guðfræðisbók.

8. febrúar.

Í bréfi, dagsettu 5. októbr. f. á., hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað, ásamt tveimur álitsskjöllum frá skólameistara við hinn lærða skóla í Reykjavík, Jens Sigurðssyni, bænarskrá frá prestaskólakandidat Eiríki Briem í Reykjavík, um styrk til að snúa á íslenzku bók eptir Dr. *F. G. Lisco*, sem heitir „*den kristelig-apostoliske Troesbekjendelse*“, og nú er höfð við kennslu í guðfræði í hinum lærða skóla, og að þessi styrkur verði látinn vera 12 rd. fyrir hverja örk; er ætlað, að útleggingin verði hërumbil 20 eða 22 arkir að stærð, og yrði bókin síðan höfð sem kennslubók við skólann.

Útaf þessu er yður hërmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þér kunngjörði það, að stjórnarráðið er ekki frásnuíð því, eptir því sem ástatt er, að veita beiðandanum styrk þann, er hann hefir sókt um, til að snúa nefndri kennslubók á íslenzku, og skal yður því falið á hendur að vísa til styrks þessa af því fe, sem veitt er í 20. gr. VI. C. í fjárhagslögnum, þegar handritið er búið, og skólameistarinn hefir látið sér lynda, hvernig frá því er gengið; þó skal stjórnarráðið enn fremur láta í ljósi, að það verður að álíta, að svo stór bók, sem til er ætlað að þetta rit verði, sè of yfirgripsmikil til kennslu við hinn lærða skóla, og býst því við, að útleggingin verði stytta svo mikið, að bókin með engu móti verði meiri en 16 arkir.